

Árið 2016, miðvikudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara, kveðinn upp í máli nr. S-95/2016, svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum höfðaði mál þetta með ákæru útgefni 27. maí 2016, á hendur ákærða A

„fyrir húsbrot, nytjastuld, umferðalagabrot [sic.] og fyrir að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst 2015, ruðst heimildarlaust inn á heimili B og tekið þaðan kveikjuláslykla að bifreiðinni [...], notað hana í heimildarleysi og ekið henni þaðan til Reykjavíkur og aftur til baka áleiðis á Selfoss, án tilskilinna ökuréttinda, undir áhrifum áfengis (alkóhólmagn í blóði mældist 0,81‰), á 129 kílómetra hraða á klukkustund austur Suðurlandsveg, við Ingólfsfjall þar sem leyfður hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund, og hafa ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu heldur ekið áfram uns akstur bifreiðarinnar var stöðvaður við Ölfusárbrú á Selfossi.

(Mál nr. 318-2015-9807)

Telst brot ákærða varða við 231. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum, 2. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum og 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Mál þetta var þingfest þann 1. september 2016.

Í þinghöldum 9. september og 28. október kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni eins og honum er gefið að sök, án tilskilinna ökuréttinda, með þeim hraða sem í ákæru greinir á Suðurlandsvegi við Ingólfsfjall, undir áhrifum áfengis og ekki sinnt stöðvunarmerkjum. Ákærði neitar sök hvað varðar nytjastuld og húsbrot.

Aðalmeðferð fór fram 28. október 2016 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist að ákæru í málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærði þess að hann verði sýknaður af brotum gegn 231. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1949 og að ákvörðun refsingar vegna þeirra sakargifta sem hann hefur játað verði frestað en að því frá gengnu að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu er ákærða gefið að sök brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í heimildarleysi tekið og ekið bifreiðinni [...] eins og nánar er lýst í ákærinni.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi fór með rannsókn málsins.

Fyrir liggur í málinu samkvæmt frumskýrslu lögreglu að bifreiðin var í eigu [...], en jafnframt kemur fram að bifreiðin var í umsjá rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurlandi, sem er í samræmi við það að hún var í vörslum [...] við embættið.

Að mati dómsins verður að telja vafalaust að brotþoli gagnvart ætluðu nytjastuldarbroti ákærða var embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi sem umráðamaður bifreiðarinnar, en ekki hinn skráði eigandi, þ.e. [...].

Í 7. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 segir að „Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnarsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnarsýslulögum.]5)“ Í 5. mgr. 5. gr. laganna er fjallað um hversu skuli bregðast við ef ríkislögreglustjóri er vanhæfur til meðferðar einstaks máls og skiptir ákvæðið ekki máli hér.

Í 1. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er kveðið á um það að starfsmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef „hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.“

Fram hefur verið lagt bréf ríkissaksóknara, dags. 4. desember 2015, þar sem Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum var falin ákærumeðferð málsins í heild sinni með vísan til 3. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008, en fram kemur að Lögreglustjórinn á Suðurlandi hafði vísað málinu til ríkissaksóknara vegna ætlaðs vanhæfis lögreglustjórans til ákærumeðferðar málsins, en fram kemur að málið varði m.a. ætlað húsbrot sem framið hafi verið á heimili [...] við embættið og nytjastuld á bifreið embættisins.

Í 4. mgr. 26. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 segir að „Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt

kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið eða lögreglustjóri vanhæfur til að rannsaka það.“

Með vísan til ofangreindra lagaákvæða og þess sem fram er komið í málinu, er það álit dómsins að Lögreglustjórinn á Selfossi hafi verið vanhæfur til að fara með rannsókn á umræddu meintu nytjastuldarbroti ákærða sem beindist að umræddri bifreið þar sem embætti lögreglustjórans var sjálft í stöðu brotþola. Varðar þetta frávísun skv. 4. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008.

Ákæra málsins er þannig úr garði gerð að ekki er um að ræða sérstaka aðskilda kafla í henni, heldur er háttsemislýsing í einu lagi sem og heimfærsla til refsíákvæða þannig að ekki er unnt að vísa frá dómi einstökum hluta hennar. Er því óhjákvæmilegt að vísa ákærinni í heild sinni frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður ákærða ekki gert að greiða sakarkostnað málsins og greiðist hann því úr ríkissjóði sbr. 217. og 218. gr. laga nr. 88/2008, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., kr. 879.780 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., kr. 879.780.

Sigurður G.
Gíslason.